

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar vegna Kleifa í Ólafsfirði.

Skipulagsstofnun staðfesti 13. maí 2019 breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 sem samþykkt var í bæjarstjórn 12. apríl 2019.

Í breytingunni felst að hluta landbúnaðarsvæðis á Kleifum er breytt í tvö svæði fyrir frístundabyggð. Svæði F15 í landi Syðri-Gunnólfsár er 3,7 ha fyrir 12 hús og í landi Ytri-Gunnólfsár er svæði F16, 4 ha fyrir 16 hús. Ákvæði um hverfisvernd á Kleifum gildir áfram með viðbótum vegna frístundabyggðarinnar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 13. maí 2019.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. maí 2019